

Þróunarsjóður innflytjendamála 2018-19 / Development Fund for Immigration Issues

Heiti verkefnis: Svipmyndir af samfélagi

Nafn styrkþega: Tin Can Factory - Ólafur Guðmundsson, Jeannette Castioni

Útdráttur: Verkefnið Svipmyndir af samfélagi er hluti af starfi Leikhópsins Baunadósin sem starfar hjá Tin Can Factory. Verkefnisstjórar voru Ólafur Guðmundsson og Jeannette Castioni. Markmiðið verkefnisins var að þróa og gera tilraunir með íslenskukennslu í gegnum leiklist. Haldið var námskeið í haust sem stóð í alls 14 vikur. Í lokin var afrakstur vinnunnar sýndur fyrir nemendum og starfsfólk Tin Can Factory og gesti sem boðið var sérstaklega á sýninguna, alls um 100 manns.

Aðal vinnuaðferð námskeiðsins var leiklist en einnig myndlist. Þar var beitt ýmsum skapandi aðferðum í tungumálanámi og leiklist. Einkum og sér í lagi fólst grunnvinnan í því að skapa traust til samveru og tjáningar, líkamlega sem raddlega. Í gegnum frásagnir, ýmskonar leiklistar- og myndlistaræfingar og samræðu voru kannaðir og hugleiddir þeir kraftar sem sameina okkur og sundra í því fjölbreytilega samhengi sem hver einstaklingur hrærist.

Lokasýning verkefnisins var á endanum margbreytileg flétta þar sem frásagnir ýmissa persóna af reynslu sinni í lífinu fléttuðust saman við hópsenur þar sem leiklistartengdar æfingar úr vinnuferlinu voru notaðar til að tengja saman hina mismunandi hluta sýningarinnar.

Námskeiðið vakti þáttakendur til umhugsunar um líf sítt og aðstæður og gerði þá meðvitaða um framtíð sína og fortíð. Í kjölfarið styrktist íslenskukunnátta þeirra og þeir uppgötvuðu ný svör og leiðir til tjáningar. Að vinna saman á þennan hátt hjálpaði þáttakendum að tengja við þeirra innri meðvitund, bætti þannig sjálfstraust þeirra og byggði upp færni í notkun tungumálsins. Öll þessi reynsla nýtist einnig á öðrum stöðum í lífinu (sjá nánar um upplifanir þátttakenda í meðfylgjandi umsögnum).

Project Title: Portrait of Society

Name of Grantee: Tin Can Factory - Ólafur Guðmundsson and Jeannette Castioni

Abstract: The project *Portraits of Society* is a part of the work of theatre group Baunadósin, which was hosted by part of Tin Can Factory language school in Reykjavik Iceland and FÁ Ármula Junior College. Project leaders were Olafur Guðmundsson and Jeannette Castioni. The aim of the project was to develop methods and experiment with Icelandic as a second language acquisition. In 2017 an initial experimental work was started by Ólafur and Jeannette. That work continued throughout the winter 2017-2018. In the autumn 2018 a workshop related to the grant was held at Tin Can Factory. This workshop lasted 14 weeks and ended in the beginning of December the same year with a final presentation at Tin Can Factory. 100 people attended the performance; students and other guests, specially invited. The project's methods was merging language acquisition with theatre, performance and art. Various creative techniques in second language acquisition were used. Especially the basic work methods consisted of creating a safe space and the conditions for trust and self expression. Through storytelling, various theatre based and art methods and discussion the group explored those forces that unite us and disintegrate in our society.

The final product of the project was a performance where the narratives created by the participants made an intertwined flow connected with exercises from the theatrical process.

Through the actions during the project the participants were made aware of their lives and situations in their new homeland, as well as having to reflect on the context between their past, present and future. As a consequence each one of them were able to improve their skills in Icelandic, as well as getting a deeper understanding of their mother tongues.

To work together in this way made the participants able to experience awareness of themselves in a performative context. It enhanced their self esteem and gave them new skills in Icelandic. Judging the feedback from the participants this experience will benefit them further in their lives.